

1904

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 193/1996.

Sýslumaðurinn á Akureyri

gegn

Gesti Eiríki Eggertssyni

(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og d-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Geðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til 16. júní nk., og sæti hann jafnframt geðrannsókn á þeim tíma.

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu um gæsluvarðhald og geðrannsókn, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Svo sem fram kemur í úrskurði héraðsdómara, beinist rannsókn málsins að því, hvort varnaraðili hafi valdið dauða systur sinnar 27. apríl 1996. Honum var með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra 29. sama mánaðar gert að sæta gæsluvarðhaldi til 3. maí sl., en með úrskurði dómsins þann dag var gæsluvarðhaldið framlengt til 17. sama mánaðar. Með hinum kærða úrskurði var varnaraðila enn gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds til 24. maí nk.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Þorgeirs Þorgeirssonar, yfirlæknis á meinafræðideild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, um krufningu á líki hinnar látnu. Í niðurstöðum skýrslunnar segir meðal annars, að vefræn dánarorsök liggi ekki fyrir þrátt fyrir allveruleg áverkamerki. Athyglin beinist því að starfrænu orsakasamhengi, og liggi beint við að ætla, að „hjartastopp“ hafi orðið í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans. Atburðarásin sé vel þekkt, einkum samfara skörpum þrýstingi á háls og jafnframt á „slagæðarboðann“, sérstaklega þegar

hugaræsing eða skelfing hefur gripið um sig. Þessa niðurstöðu styðji nokkuð umfangsmikil fersk blæðing vinstra megin á höfði, sem væntanlega hafi stafað af hálstaki eða höggi.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en rannsókn þess sé vel á veg komin. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir krefjist gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þá liggur ekki fyrir rökstutt tilefni til gæsluvarðhalds samkvæmt d-lið sömu málsgreinar. Með hliðsjón af fyrrgreindum niðurstöðum krufningar þykir ekki fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður því ekki komist hjá að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, að því er varðar gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Stendur það ekki í vegi þessari niðurstöðu, að varnaraðili kærði ekki úrskurðinn fyrir sitt leyti, sbr. lögjöfnun frá 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991.

Í kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili sæti geðrannsókn, er þeim rökum hvergi hreyft, að nauðsyn beri til hennar vegna vafa um, hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 geti átt við um hagi hans. Þegar af þeirri ástæðu brestur skilyrði samkvæmt d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991 fyrir þessari kröfu sóknaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, hvað hana varðar.

Aðfinnsluvert er, að héraðsdómari tók ekki skýrslu af varnaraðila um sakarefnið, þegar hann var leiddur fyrir dóm, svo sem bar að gera samkvæmt 1. mgr. 105. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, að því er varðar gæsluvarðhald yfir varnaraðila, Gesti Eiríki Eggertssyni.

Ákvæði úrskurðarins um, hvort varnaraðili skuli sæta geðrannsókn, er staðfest.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. maí 1996.

Með kröfu, dags. 16. þ. m., krefst sýslumaðurinn á Akureyri þess, að gæsluvarðhaldsvist Gestis Eiríks Eggertssonar, kt. 300539-3949, Steinsstöðum I, Öxnadalshreppi, verði framlengd til 16. júní 1996 eða til þess tíma, að dómur gengur í máli hans. Jafnframt er þess krafist, að hann verði úrskurðaður til að sæta geðrannsókn, meðan á gæsluvistinni stendur.

Af hálfu gæslufangans er þess krafist, að kröfum þessum verði hafnað.

Kröfuna um gæsluvarðhald styður sýslumaður a- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og krafan um geðrannsókn er reist á d-lið 1. mgr. 71. gr. sömu laga.

Í kröfuskjali er málavöxtum svo lýst, að kl. 20.07 laugardaginn 27. f. m. hafi gæslufanginn, kærði, tilkynnt andlát systur sinnar, Sigríðar Eggertsdóttur, kt. 131233-3619, Espigerði 4, Reykjavík, en Sigríður hafði dvalist hjá bróður sínum frá 24. f. m. Erindi hennar hafi verið að ganga frá skiptum á dánarbúi móður þeirra, sem þá var nýlega látin. Hafi þau systkinin deilt um arfinn.

Er lækni og lögregla komu á vettvang, hafi lík hinnar látnu legið nánast nakið í herbergi, sem hún hafði til umráða, er hún dvaldist á býlinu Steinsstöðum. Miklir sýnilegir áverkar hafi verið á líkinu, og með vísan til þess og allra annarra aðstæðna hafi gæslufanginn verið handtekinn um kl. 22.00 27. f. m.

Fram komi í framburði kærða, að hann hafi uppgötvað andlát systur sinnar kl. rúmlega 17.00 þann dag, en þrátt fyrir það hafi hann ekki tilkynnt andlátið fyrr en kl. rúmlega 20.00 þann dag. Sé kærði einn til frásagnar um það, sem gerðist á Steinsstöðum, eftir að systir hans sneri þangað úr heimsókn til kunningjakonu sinnar hér á Akureyri. Að sögn kærða hafi hún komið að bænum um kl. 16.30, og hafi komið til átaka milli sín og systur sinnar við bifreið hennar, sem stóð á bæjarhlaðinu. Hafi átökin hafist fljótlega, eftir að hún kom heim. Hafi orsök átakanna verið sú, að hann hafi talið systur sína hafa tekið lopapoka, sem hafi verið í eigu móður þeirra. Einnig hafði hann hana grunaða um að ætla að stela af sér frímerkjum. Kærði segi, að átök þeirra við bílinn hafi verið þannig, að hann hafi tekið í báða upphandleggi systur sinnar og dregið hana að húsinu, en síðan hafi systir sín gengið sjálfviljug inn. Hafi systir sín dottið nokkrum sinnum á hnén, meðan á stimpingunum stóð á hlaðinu og einnig eftir að átökum lauk. Þá hafi hún hrasað í útidyratröppum og rekið sig á dyrakarminn á útidyrum og á útidyrhurðina. Eftir þetta hafi systir sín gengið áfallalaust upp í herbergi hans á efri hæð hússins, og þar hafi hann skipað henni að afklæðast öðru en brjóstahaldara. Tilgangurinn með því að láta systur sína afklæðast hafi verið sá að leita að frímerkjum. Þegar hún hafi verið orðin nánast nakin, hafi henni orðið illt og hún lagst upp í rúm hans, og hafi þar runnið frá henni þvag og saur. Hafi hann þá skipað systur sinni að koma niður í herbergi hennar og hún þá staðið upp og þau systkinin því næst leiðst niður í herbergi hennar á neðri hæð. Þar lagðist hún fyrir, og breiddi kærði yfir hana sæng. Um nánari atvikalýsingu er vísað til fram lagðra rannsóknar-

gagna. Eftir að systir kærða var komin niður, hafi hann farið upp og hreinsað til, m. a. þurrkað upp saur og þvag með lakinu úr rúminu svo og peysu systur sinnar. Lakið hafi síðan fundist í þvottahúsi og peysan fundist falin í gömlu fjósi. Eftir að kærði hafði uppgötvað, að systir sín var látin, hafi hann fengið sér einn bjór, er hann drakk um kl. 18.00, og hafi það verið eina vín-ið, er hann drakk þann dag. Eiginmaður systur hans fullyrðir, að þegar kærði hafi hringt í hann fyrr um daginn, hafi hann verið mjög drukkin. Við handtöku kærða hafi honum verið dregið blóð svo og tekið þvagsýni kl. 00.15 28. f. m. Hafi alkóhól mælst 0,77‰ í blóði og 1,23‰ í þvagi.

Hinn 2. þ. m. hafi Ólöf Guðjónsdóttir, fyrrverandi ráðskona kærða, kært hann fyrir tilraun til nauðgunar, og er um atvikalýsingu vísað til skýrslu hennar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. En í stuttu máli segir hún, að kærði hafi tvisvar ruðst inn í herbergi hennar og reynt með ofbeldi að hafa við sig kynmök.

Málsástæður og lagarök rannsóknara.

Ekki liggi ennþá fyrir endanleg niðurstaða réttarkrufningar um andlát Sigríðar. Búið sé að gera fjöldamargar rannsóknir í þeim tilgangi að komast að, úr hverju nákvæmlega konan hafi dáið. Komi það fram í bráðabirgða-niðurstöðu meinafræðings, að hann telur, að konan hafi látist af áverkum sínum.

Í úrskurði dómsins 3. þ. m. hafi verið hafnað að svo stöddu kröfu um geðrannsókn á kærða. Hafi rannsóknari farið fram á, að kærði sætti sjálf-viljugur geðrannsókn, en kærði og verjandi hans hafnað því og vísað til 1. ml. d-liðar 71. gr. laga nr. 19/1991 og kváðust fúsir til, að kærði sætti skoðun læknis á líkamlegri og andlegri heilbrigði, og telur hann, að niðurstaða þeirrar skoðunar verði lögð til grundvallar ákvörðun um gagngera geðheil-brigðisrannsókn.

Pétur Pétursson, staðgengill héraðslæknis Norðurlands eystra, hafi rann-sakað kærða 11. þ. m. Sé niðurstaða þeirrar skoðunar eftirfarandi:

Í viðtalinu sýndi Gestur engin sannfærandi einkenni geðveiki eða greindarskerðingar. Rósemi hans og lítil tilfinningaleg viðbrögð verða ann-að tveggja skýrð með sérlega vel leikinni uppgærð ellegar persónuleika-brenglun af geðvillutagi (psychopathia), sem algeng er hjá afbrotamönnum. Við athugun á málsskjölum kemur í ljós allveruleg ósamkvæmni um máls-atvik, áfengissögu og samskipti hans við annað fólk. Þar sem gæslufanginn hlaut að gera sér grein fyrir, að undirritaður gat átt aðgang að krufningar-skýrslu, myndum af vettvangi, undirrituðum framburði hans og annarra við yfirheyrslu, sakaskrá og fram lögðum kærur, eru ósannindi hans of berleg,

til að hægt sé að skýra þau með grunnhyggni. Túlka ég lygar hans og ranghugmyndir sjúklegar af því tagi, sem lýst er hjá einstaklingum með geðvillu þá, sem áður er á minnst. Þráhyggja hans um frímerkjaþjófnað og fullyrðingar hans um nálastungur á handleggjum hinnar látnu gefa því nokkurt til efni til að draga andlega heilbrigði hans í efa. Sama má segja um viðbrögð hans, er hann uppgötvar, að systir hans er látin. Með hliðsjón af því, að fyrir liggur framburður fyrrverandi mágs hans um morðhótun, ákæra um nauðgunartilraun, grunur um manndráp að yfirlögðu ráði svo og það, að hann var staðinn að því að fela og eyða sönnunargögnum, er það álit undirritaðs, að ofangreindur Gestur Eiríkur Eggertsson sé hættulegur umhverfi sínu, a. m. k., sé hann undir áhrifum áfengis. Áfengismisnotkun virðist hafa verið vandamál hjá honum, þar sem hann hefur fjórum sinnum verið sviptur ökuleyfi skv. sakaskrá og auk þess viðurkennt bruggun, og á hann hefur verið borið ofbeldisathæfi undir áhrifum áfengis. Undirritaður telur samkvæmt ofangreindu, að gæslufanginn hafi á ferli sínum sýnt viss merki um andlegan sjúkleika eða brenglun, og mælir því eindregið með því, að hann verði látinn sæta sérstakri geðrannsókn af til þess bærum aðila.“

Krafa sýslumanns um geðrannsókn kærða er rökstudd með vísan til þessa vottorðs. Krafan um gæsluvarðhald er á því reist, að endanleg niðurstaða krufningar hefur ekki borist og geðrannsókn ekki farið fram. Um þörfina fyrir að halda honum í gæsluvarðhaldi, meðan á geðrannsókn stendur, er vísað til orða læknisins, sem telur kærða geta verið hættulegan umhverfi sínu. Er vísað til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og d-liðar sömu greinar, þar sem talin er þörf á gæsluvarðhaldi til að verja aðra fyrir árásum kærða. Sem rökstuðning fyrir kröfunni er vísað til orða í vottorði héraðslæknis og þess, að sama dag og ætlað manndráp varð, hótaði kærði að drepa mág sinn og systur. Að síðustu er krafan studd 2. mgr. 103. gr. sömu laga og því haldið fram, að þau gögn, er fram hafi verið lögð, séu þess eðlis, að sterkur grunur sé um, að kærði hafi brotið gegn 211. gr. eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sé því sterkur grunur um, að hann hafi framið afbrot, sem að lögum geti varðað tíu ára fangelsi. Er augljóst talið, að manndráp sé þess eðlis, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. sömu greinar in fine.

Verjandi gæslufangans mótmælir þessum lagarökum og málsástæðum og bendir á, að hann hafi verið í haldi síðan 27. f. m. og ekkert nýtt komið fram við rannsókn málsins eftir framburð hans 1. þ. m. Telur hann, að um lagarök sé ekki að ræða skv. a-lið 103. gr., þar sem gæslufanginn geti ekki haft áhrif á niðurstöðu rannsóknar í meinafræði, né heldur þurfi hann að sæta gæsluvarðhaldsrannsókn, komi til geðheilbrigðisrannsóknar, svo og

séu morðhótanir hans skv. d-lið sömu greinar algjörlega ósannaðar. Að því er varðar 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, séu hugleiðingar rannsóknara út í hött, þar sem þetta sé eingöngu byggt á getsökum. Telur hann fráleitt, að læknisvottorð Péturs Péturssonar verði grundvöllur geðheilbrigðisrannsóknar, enda ekki lagagrundvöllur fyrir henni.

Álit dómsins.

Í bráðabirgðaniðurstöðu Þorgeirs Þorgeirssonar meinafræðings, er gerði réttarkrufningu á hinni látnu, sem dags. er 29. f. m., kemur fram, að ekki er unnt að kveða upp úr um dánarorsök, þrátt fyrir það að fundist hafi víðdreifð útvortis áverkamerki. Niðurstaða réttarkrufningar liggur ekki enn fyrir, en mun verða tilbúin fljótlega skv. upplýsingum rannsóknara. Í framburði gæslufangans hjá lögreglu er ljóst, að til átaka hefur komið milli hans og systur hans og hann beitt hana valdi eða a. m. k. hún hlýtt skipunum hans. Ljóst er, að gæslufanginn hefur í fyrstu leitast við að leyna því, er gerst hafði, og raunar er hann einn til frásagnar þar um, en hins vegar má draga þá ályktun af réttarkrufningunni, að ástæða sé til að rannsaka andlát Sigríðar Eggertsdóttur og þátt gæslufangans í því. Þar sem niðurstaða réttarkrufningarinnar liggur ekki enn fyrir, er krafan um gæsluvarðhaldsvist tekin til greina með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og skal gæslufanginn sæta gæsluvarðhaldsvist allt til kl. 14.00 föstudaginn 24. þ. m.

Að mati dómsins hafa ekki verið færð fram nægileg rök fyrir því, að gæslufanginn sæti geðheilbrigðisrannsókn, og er þeirri kröfu því hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gestur Eiríkur Eggertsson, kt. 300539-3949, Steinsstöðum I, Öxna-dalshreppi, skal sæta gæsluvarðhaldsvist allt til kl. 14.00, föstudaginn 24. maí 1996.

Kröfu um geðheilbrigðisrannsókn er hafnað.
